

114. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

6. 5. 2020 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Eyjólfur Guðmundsson

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Vilhjálmur Magnússon, Olga Ingólfssdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Karl Friðriksson, Ragnhildur Jónsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Bjarni Guðmundsson, Þorvarður Árnason og Hrafnkell Guðnason.

1. Starfssemi setursins

Hugrún Harpa fór yfir minnisblað sem lá fyrir fundinum um fjölda stöðugilda hjá NP. Umræður sköpuðust um málið og samþykkir stjórn framlagða tillögu forstöðumanns. Stjórn og forstöðumaður eru sammála um að ákvörðun um fastráðningu í fjórða stöðugildið verði tekin á nýju starfsári.

2. Ársfundur

Hugrún Harpa fór yfir dagskrá komandi ársfundar. Fundurinn mun fara fram í Nýheimum en gætt verður að tveggja metra reglu, stefnt er að því að streyma fundinum.

3. Stofnun Samtaka þekkingarsetra - SPS

Hugrún Harpa hafði áður upplýst stjórn um nýstofnuð Samtök þekkingarsetra en fyrsti aðalfundur samtakanna verður haldinn í Nýheimum í september. Stjórn fagnar stofnun samtakanna og samþykkir aðild Nýheima þekkingarseturs að þeim.

4. Önnur mál

Vilhjálmur sagði frá því að unnið er að breytingum á Vöruhúsinu og verður Fab Lab smiðjan lokuð meðan á þeim stendur.

Þá vakti Vilhjálmur máls á því hvort stjórn ætti að ræða möguleika setursins til þess að vinna að aðgerðum í tengslum við afleyðingar Covid 19 og aukið atvinnuleysi.

Eyjólfur sagði frá því að FAS hefur sótt um styrk til að bjóða uppá sumarnám. Einnig sagði hann frá því að skólinn hlaut styrk fyrir verkefni sem snýst um tengsl skóla annars vegar og jarðvanga og þjóðgarða hins vegar með áherslu á sjálfbærni, menningu og heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.

Ragnhildur hvatti stjórnarmenn til að kynna sér efni og áherslu Byggðaráðstefnu sem haldin verður á Höfðabrekku í Mýrdal 13.-14. október.

Hugrún Harpa sagði frá því að verkefnið *Byltingar og Byggðarþróun: hlutverk þekkingarsetra í byggðarþróun fjórðu iðnbyltingarinnar* hefði hlotið styrk úr Byggðarannsóknasjóði. Verkefnið er samstarfsverkefni þekkingarnets Þingeyinga, sem var umsóknaraðili, og Nýheima þekkingarseturs.

Fundi slitið klukkan 9:00



Hugrún Harpa Reynisdóttir